

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 231/1995, um Listasafn Íslands.

#### 1. gr.

2. mgr. 7. gr. orðast svo:

Á safnasviði skulu vera eftirtaldar deildir: Listaverkadeild (öll listaverk Listasafns Íslands), sýningardeild (sýningar og útlán), fræðsludeild (fræðsla og kynning), forvörslu- og viðgerðadeild, bókasafn (öll heimildasöfnun og söfnun myndgagna um íslenska og erlenda myndlist) og Safn Ásgríms Jónssonar.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 58/1988, um Listasafn Íslands, og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 17. desember 2001.*

**Björn Bjarnason.**

*Örlygur Geirsson.*

## SAMÞYKKT

### um sorphirðu í Mýrdalshreppi.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Mýrdalshreppur annast sorphirðu (sorphreinsun og sorpförgun) í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og hefur heilbrigðisnefnd Suðurlands eftirlit með að farið sé að samþykkt þessari.

Mýrdalshreppur getur falið öðrum framkvæmd sorphirðu og skulu þeir aðilar hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

#### 2. gr.

Sorphirða fer fram undir yfirstjórn skrifstofu Mýrdalshrepps og skal hún sjá um samskipti við þá aðila sem að því koma.

#### II. KAFLI

##### Skyldur einstaklinga, rekstraraðila og fasteignaeigenda.

#### 3. gr.

Sérhverjum húsráðanda, forsvarsmanni fyrirtækja eða stofnana í Mýrdalshreppi er skylt að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem sveitarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður.

Sorpílát skulu vera staðsett í samráði við sorphirðumenn og vera aðgengileg fyrir þá og skulu húsráðendur hreinsa snjó frá sorpílátum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo unnt sé að annast hreinsun.

## 4. gr.

Í sorpílátin má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. allt venjulegt heimilissorp, s.s. matar-leifar, pappír, plast og gler.

Glerbrotum og öðrum oddhövösum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla sorpið eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá á annan tryggilegan hátt.

Gæta skal þess að fylla sorpílátin ekki meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Annan úrgang en neysluúrgang skal meðhöndla á eftirfarandi hátt:

- spilliefnum skal skilað í spilliefnamóttöku á auglýstum afgreiðslutímum,
- umbúðir, tímbur, málma, byggingarúrgang og garðaúrgang skal flytja á gámavöll og flokka þar,
- jarðefni og steinefni skal flytja á jarðvegstípp,
- landbúnaðarplast skal flytja á auglýsta staði samkvæmt sérstökum auglýsingum þar um.

## III. KAFLI

**Verkefni sveitarstjórnar.**

## 5. gr.

Sorphreinsun fer fram eigi sjaldnar en á 14 daga fresti á almennu heimilissorpi. Sveitarstjórn ákveður í samráði við heilbrigðisnefnd hversu oft sorphreinsun fer fram.

## 6. gr.

Mýrdalshreppur sér um eða felur verktaka að sjá um eftirfarandi:

- hreinsun á heimilissorpi frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu,
- hreinsun á heimilissorpi frá sumarhúsasvæðum,
- hreinsun á þeim hluta rekstrarúrgangs fyrirtækja og stofnana sem samsvarar heimilissorpi sé þess óskað, þó einungis samhliða almennri sorphreinsun frá íbúðum,
- rekstur gámavallar og spilliefnamóttöku.

Mýrdalshreppur leggur, þeim aðilum sem hann annast sorphreinsun frá, til sorptunnur (ekki gáma) og annast viðhald þeirra. Mýrdalshreppur getur falið verktaka að leggja til sorpílát og viðhalda þeim.

## IV. KAFLI

**Sorphirðugjald.**

## 7. gr.

Almenn sorphreinsun samkvæmt 6. gr., sorpförgun og endurvinnsla greiðist úr sveitar-sjóði. Sveitarstjórn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíð-inda. Í gjaldskrá skal vísa til þessarar samþykktar.

Sorphirðugjald samanstendur af hreinsunargjaldi, förgunargjaldi og gáma- og endur- vinnslugjaldi. Hreinsunargjald skal standa undir kostnaði við söfnun úrgangs, skv. 5. og 6. gr. og miðast við stærð og fjölda íláta. Förgunargjald skal standa undir kostnaði við flutning heimilissorps, skv. 6. gr., á urðunarstað og urðun og miðast við stærð og fjölda íláta. Gáma- og endurvinnslugjald skal standa undir kostnaði við spilliefnamóttöku, gámavöll, grófurðun og endurvinnslu úrgangs og deilist jafnt á alla greiðendur sorphirðugjalda.

Sorphirðugjald skal leggja á hverja þá fasteign sem nýtur fyrrgreindrar þjónustu. Sveitarstjórn er heimilt að takmarka fjölda sorpílata við hverja fasteign.

### III. KAFLI Ýmis ákvæði.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma henni á framfæri til framkvæmdaraðila verksins eða framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Húsráðanda er heimilt að koma kvörtunum á framfæri við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

9. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu úrgangs skal tilkynna það sveitarfélaginu eða Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, sem hlutast þá til um að úr verði bætt.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

11. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Mýrdalshrepps er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnhliða fellur úr gildi samþykkt um sorphreinsun í Mýrdalshreppi nr. 113/1989.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. desember 2001.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag fyrir ferðapjónustu að Hunkubökkum í Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps, þann 27. ágúst 2001 samþykkt deiliskipulag fyrir 11 frítimahús, 200 til 300 m<sup>2</sup> herbergjaálmu ásamt viðbyggingu við þjónustuhús að Hunkubökkum í Skaftárhreppi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Kirkjubæjarklaustri, 19. desember 2001.*

F.h. Skaftárhrepps,

**Benedikt Lárusson** byggingarfulltrúi.